

# Skýrsla um störf stjórnar foreldrafélagsins skólaárið 2021-2022

## Aðalmenn

Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, formaður

Jóhanna Magnúsdóttir, gjaldkeri

Sigríður Rún Tryggvadóttir, ritari

Eva Björk Jónudóttir, meðstjórnandi

Halla Dröfn Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi

## Varamenn

Sigurveig Gísladóttir

Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir

Á síðasta aðalfundi komu Sigurveig Gísladóttir og Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir inn sem varamenn í staðinn fyrir Hjalta Bergsson og Brynhildi Berthu Garðarsdóttur

**Fulltrúi foreldra í fræðslunefnd:** Valinn er einn fulltrúi úr einu foreldrafélagi sveitarfélagsins sem situr í nefndinni sem áheyrnafulltrúi fyrir hönd allra hinna.

**Fulltrúar foreldra í skólaráði:** Hanna Christel Sigurkarlsdóttir

**Fulltrúi foreldra í heilsuefandi skóla:** Eva Björk Jónudóttir

Haldnir voru fundir:

- 01: 30. Ágúst 2021
- 02: 4. Október 2021
- 03: 1. nóvember 2021
- 04: 31. janúar 2022
- 05: 14. mars 2022
- 06: 19. Apríl 2022

## Helstu verkefni vetrarins voru:

**Félagsgjöld:** Líkt og undanfarin ár er starfsemi foreldrafélagsins fjármögnuð með félagsgjöldum og voru rukkanir sendar á hvert heimili í nóvember. Upphæðin hélst óbreytt á milli ára eða 2500 kr.

**Starfsáætlun:** Foreldrafélagið uppfærði starfsáætlun fyrir veturinn 2021-2022 í upphafi skólaárs. Í áætluninni var tilgreint allt fundarhald sem félagið þarf að manna, viðburðir á vegum félagsins og helstu verkefni. Kynning fór fram í upphafi skólaárs eins og hefð er fyrir á bekkjarfundum.

**Tenglastarf:** Sendur var tölvupóstur á alla foreldra í upphafi skólaárs og þeir minntir á mikilvægi virkni foreldra í skólastarfinu og skerpt á hlutverki tengla auk þess sem vísað var í heimasíður með frekari upplýsingum og útlistaður hugmyndabanki fyrir bekkjarhitting. Við viljum halda áfram að virkja tenglastarfið. Þó er ljóst að heimsfaraldurinn hafi haldið nánast öllu tenglastarfi á þessu skólaári í hálfgerðri spennutreyju og lítið sem ekkert tenglastarf verið í gangi í vetur.

**Fræðsla:** Engin fræðsla átti sér stað vegna covid. Stefnt er á að bjóða upp á einhvers konar fræðslu fyrir nemendur og foreldra í byrjun næsta skólaárs.

**Hrekkjavökuball/ Myrkraball:** Halda átti hrekkjavökuballið 30. október en vegna blakmóts sömu helgi var ákveðið að fresta ballinu um viku og var það haldið 6. nóvember. Nemendaráð sá nánast um allt sem viðkom ballinu undir stjórn bekkjarráðskennara og heppnaðist vel. Foreldrafélagið skipulagði foreldravakt og þríf.

Óformleg beiðni barst um að foreldrafélagið tæki að sér skipulagningu jólaballsins. Foreldrafélagið stakk upp á að foreldrar nemenda í leikskóladeild og nemenda í 1.-2. bekk taki að sér að halda utan um jólaballið og foreldrar eldri bekkja sjái um myrkraballið. Ekki hefur enn verið formlega tekin ákvörðun.

**Jóla-kósý með Listadeild:** ekkert jólakósý í þetta sinn vegna covid.

**Páskakanínan 2022:** Var frestað vegna veikinda og veðurs. Páskakanínan er árlegur viðburður sem foreldrafélagið tekur þátt í í samstarfi við kirkjuna og félagsmiðstöðina. Um er að ræða ratleik fyrir 5-10. bekk þar sem reynir á jákvæðni og samvinnu. Leikurinn fer fram um allan bæ og fyrirtæki og fólk í samfélaginu virkjað í þrautum og verkefnum fyrir liðin.

**Vorverkadagur:** Ekki er búið að festa niður dag en er áætlaður í lok maí eða byrjun júní þegar veður er gott.

Tillögur að verkefnum:

- Plokka rusl
- Gróðursetja tré/runna fyrir ofan hoppubelg

Stjórnin þakkar foreldrum, börnum, kennurum, starfsfólki og skólastjórnendum í Seyðisfjarðarskóla fyrir þennan starfsvetur. Við horfum björtum augum fram á veginn.

F.h. stjórnar Foreldrafélags Seyðisfjarðarskóla

---

Hanna Christel Sigurkarlsdóttir,

Seyðisfirði 28. apríl 2022